
Frá formanni !

Félagið okkar er 25 ára á þessu ári nánar tiltekið í ágúst. Gaman hefði verið að minnast þess sérstaklega, og ef til vill gefst tækifæri til þess seinna.

Frekar hefur verið dauft í "loftinu" nú í sumar, en sjálfsagt breytist þetta með haustinu og kólnandi veðri, einnig hafa bætzt við nokkrir nýir leyfishafar og eldri leyfishafar hafa tekið upp þráðinn að nýju og ber að fagna því. Eftirtaldir nýir og "gamlir" hafa heyrzt í loftinu; TF3EB, TF3HP, TF3PT, TF3RF, TF3SB. og TF3SU (áður TFSSV).

Nú í fyrsta skipti frá því að ný reglugerð um radióáhugamenn gekk í gildi 1. maí 1970, hefur útlendingi verið veitt leyfi áhugamanna hér á landi, samkvæmt reglugerð þessari. Maðurinn er G. Rudólf DJ5QJ frá Berlín og verður hér á landi í um það bil hálft ár á vegum áburðarverksmiðju ríkisins vegna stækkunar hennar. Væntanlega kemst Rudolf í loftið í kringum næstu áramót og vil ég nota tækifærið til að bjóða hann velkominn.

Leyfi til handa DJ5QJ var veitt af Póst og símamálastjórn að undangenginni umsögn félags okkar, þrátt fyrir, að ekki er enn komið á samkomulag um gagnkvæm leyfi radióáhugamanna í Þýzkalandi og á Íslandi eins og reglugerðin kveður á um en væntanlega verður leyfisveiting þessi til þess að ýta undir farsæla lausn þessa máls.

Í framhaldi af þessari leyfisveitingu er að segja frá öðru máli, sem nú er ofarlega á baugi hjá félaginu.

Strax og nýja reglugerðin um radióáhugamenn var gefin út af Póst og símamálastjórn, fór félagið þess á leit við P & S, að leitað yrði eftir samningum við nokkur lönd um gagnkvæm leyfi, U. S. A., var þar á meðal.

Nú hefur félaginu borist bréf frá P&S ásamt ljósriti af bréfi frá utanríkis ráðuneytinu, en í því segir, að Bandaríkin hafi ekki áhuga á að gera slíkan samning, sérstaklega með tilliti til þess, að erlendur leyfishafi verði að dvelja hér á landi í einn og hálfan mánuð til að fá leyfi, en flestir bandarískir áhugamenn, er vildu starfrækja hér stöð myndu aðeins hafa áhuga á að dvelja hér í nokkra daga.

Svar þetta kom mjög flatt á okkur í stjórn I.R.A., ef satt skal segja, og þjuggumst við sízt við því með tilliti til þess, að hér hafa bandarískir leyfishafar á vegum Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli fengið leyfi til að starfrækja sínar stöðvar síðustu 15 árin.

Stjórnin skrifaði félagi bandarískra radióáhugamatöra ARRL. Í bréfi til þeirra er saga þessa máls rakin ítarlega og þess óskað, að ARRL beiti sínum áhrifum til lausnar á þessu máli. Svar hefur nú borizt frá ARRL og er varla hægt að segja, að það sé okkur í hag í þessu máli, en aðalinntak þess er, að ARRL sé sömu skoðunar í höfuðatriðum og "U.S. State Department", sem fer með þessi mál, þ.e., að ef til gagnkvæmra leyfisveitinga komi, megi ekki vera sérstakar hömlur á leyfisveitingum, eða sérreglur, er ekki samræmast bandarískum reglum um starfssemi radióáhugamanna (í okkar tilfalli eins og hálf mánaðar dvöl í landinu).

Mál þetta er nú í athugun hjá stjórn I.R.A.

73 de 3AW

-o-

-o- Morse og radiófræði námskeið -o-

Stjórn IRA hefur í hyggju að kanna þörf á námskeiðum í morse og radiófræði nú í vetur. Ekki reyndist unnt að halda slík námskeið á sl. vetri vegna ónógrar þátttöku.

3HS og 3YL, ætluðu að vera í forsvari fyrir morse námskeiðinu sl. vetur, en óvíst er hvort þau geta sinnt því núna og vill stjórnin hvetja, þá sem geta, að gefa sig fram.

Einnig óskar stjórnin eftir því að einhver taki að sér kennslu í radió fræði. Sennilega mun reynt að stefna að því að aðstoða þátttakendur til þess að öðlast nýliðaleyfi, þó er ekkert ákveðið í því efni

73 de 3HP

ÍSLENZKIR ÚTVARPSÁHUGAMENN
STOFNA MEÐ SÉR FÉLAG

Grein úr útvarpstíðindum eftir Einar Pálsson TF3EA

Félag Radio-amatöra var stofnað hér í bænnum fyrir nokkru. Félagið hefur valið sér nafn, sem mörgum mun þykja óíslenskulegt, en radio-amatör þýðir sem næst útvarpsáhugamaður. Mikil þörf virðist hafa verið fyrir þessum félagsskap, því að félagar eru þegar orðnir mjög margir. Það hefur orðið að samkomulagi milli útgefenda Útvarpstíðinda og stjórnar félagsins, að félagið fái umráð yfir tveimur síðum í hverju blaði um málefni sín, og mun þetta efni áreiðanlega verða skemmtilegt og fróðlegt. Myndir munu oftast nær fylgja efninu. Ritstjórar Útvarpstíðinda báðu formann félagsins, Einar Pálsson símaverk- . fræðing, að skýra í stórum dráttum frá áhugamálum radioamatöra og starfs fyrirætlunum félagsins. Varð hann góðfúslega við þeim tilmælum, og fer grein hans hér á eftir. Tilraunir Marconis í Englandi um aldamótin vöktu athygli bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum, og urðu til þess, að margir fengu áhuga á tækjum þeirra, sem hann notaði, því bandarísk blöð höfðu birt langar greinar með tæknilegum skýringum, svo auðvelt var að byggja eftir þeim. Starfssemi radio-amatöra var hafin, og amatörunum fjölgaði hröðum skrefum. Yfirvöldin gátu ekki hugsað sér þá í friði á bylgjusviðum, sem smátt og smátt voru tekin til opinberra nota og vísuðu því þessum áhugamönnum á bylgjur fyrir neðan 200 metra, sem þá voru með öllu óreyndar. Það var vegna tilrauna amatöranna, að kostir stuttbylgna urðu svo fljótt þekktir, og nú er svo komið, að bylgjusvið þeirra eru mjög takmörkuð, því að vísindamennirnir hafa tekið rannsóknirnar að sér, en tími radioamatöra er þó ekki liðinn, því að enn eru óleystar gátur, og vilji áhugamanna má sín enn mikils. Stórþjóðirnar eru þakklátar starfi amatöranna og viðurkenna gildi vináttu þeirra og samstarfs sem áhugamennirnir tengjast vegna hins sameiginlega áhuga, þar komast ekki stjórnsmálaskoðanir eða annað að, sem spillir friðnum. Starfsemi radioamatöra hér á landi má rekja allt aftur til ársins 1913, er þeir Friðbjörn Aðalsteinsson skrifstofnstjóri og Þorsteinn Gíslason símastjóri á Seyðisfirði hófu tilraunir með radiósendi og móttökutæki, upp á eigin spýtur á Seyðisfirði. Það má því telja þá fyrstu íslensku radioamatörana, en síðan hafa alltaf fengist við þetta " dundur " áhugamenn, sem margir hverjir hafa gert útvarpsstarfssemina að sínu lífsstarfi. Það mun vera álit flestra radiomanna, að eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að geta orðið dugandi í radiotækni, sé að viðkomandi hafi áhuga fyrir radiotækni. Nýngarnar birtast ört, en ekkert nema áhuginn getur fengið menn til þess að fórna tíma sínum til þess að fylgjast með.

framh. á næstu síðu.

Það er á sviði radiotækninnar, sem og á öðrum sviðum, að áhugi er nauðsynlegur til þess að eitthvað nýtt komi fram, og þá vitanlega í hlutfall við þróun hverrar greinar fyrir sig. Hér á landi hefur það opinbera, því miður, litið starfsemi radioáhugamanna óhýru auga, þegar tilraunirnar hafa komist á það stig, að um útsendingar hefur verið að ræða. Það eru dæmi þess, að opinber stofnun hefur otað lögreglunni á starfsmann sinn, sem var að afla sér þekkingar á radiotækni upp á eigin spýtur, þegar honum hafði verið synjað um kennslu af því opinbera. Í alþjóðareglum um fjarskipti, stendur það opið hverri þeirri stofnun sem fer með fjarskiptamál í landinu, að leyfa starfsemi radio amatöra, enda er þeim úthlutað ákveðnum senditíðnum, en sérstakar reglur svo settar um starfræksluna í hverju landi.

Erlendis hafa radioamatörarnir stofnað með sér félög sem gæta hagsmuna þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd við það opinbera. Alþjóðasamband radioamatöra (The International Amateur Radio Union) sem stofnað var til þess að sameina félög radioamatöra, svo að hægt væri að koma fram sameiginlega fyrir hönd radioamatöra, á alþjóðaráðstefnum, hefur þegar unnið sér tiltrú og virðingu þeirra, sem með fjarskiptamálin fara, vegna þess að vitað er, að sambandið flytur mál einmitt hinna sönnu áhugamanna.

Íslenskir áhugamenn hafa hingað til engin samtök haft með sér, til þess að gæta þeirra, og því má sjálfsagt um kenna, hversu þeir hafa verið illa séðir hingað til, en nú, þegar félagið " Íslenskir Radioamatörar " er stofnað, er kominn aðili, sem gætir hagsmuna þeirra, og það opinbera getur því gengið beint í skrokk á því, ef út af settum reglum er brugðið.

Við vonum einhuga, að það opinbera sýni starfsemi okkar fullan skilning, og geri okkur kleyft að starfa sem sannir áhugamenn, en útiloki okkur ekki úr loftinu og um leið gert ókleyft að gerast meðlimir í bræðralagi radioamatöra.

Hin öra þróun á sviði radiotækninnar opnar atvinnumöguleika fyrir marga áhugasama unglinga, en eins og sakir standa, verða þeir að leita sér menntunar erlendis, eða hjá þeim opinberu stofnunum, sem sjá um ríkisrekstur á þessu sviði, en þeim er þá sniðinn svo þröngur stakkur, að aðeins takmarkaður fjöldi manna kemst þar að. Hinir ungu menn sem fá áhuga á radiotækni, en eru ekki svo heppnir að komast að hjá því opinbera, verða þá að hjálpa sér sjálfir, því að, enginn má ætla það, að hægt sé að takmarka þann fjölda manna, sem leyfa skal áhuga á radiotækni. Íslenskir radioamatörar hafa það því á stefnuskrá sinni að efla kynningu og samstarf meðal radioáhugamanna innanlands og utan, enn fremur að auka þekkingu félagsmanna á radiotækni og radioviðskiptum.

Félagið hyggst enn fremur að halda fræðslu og umræðufundi að ógleymdum skemmti - fundum, og beita sér fyrir námskeiðum fyrir væntanlega radioamatöra.

Ef félaginu tekst að framkvæma stefnuskrá sína, verður það nokkurs konar uppeldisstofnun radiomanna í landinu, ef dæma má eftir reynslu erlendra félaga, sem hafa fóstorað margan afburðamanninn á sviði radiotækninnar

Ljósasti vottur þess, hversu áhuginn fyrir radiotækni er mikill, sýnir stofn félagatalan, en hún var 140, og hefur aukist um 30 þann hálf mánuð, sem félagið hefur starfað. Húsnæði þarf félagið að fá, og yrði það þá " æskulýðshöll " amatöranna, en þjóðin gæti óhrædd séð á eftir unglíngum sínum inn í þau húsakynni, því þar er að fá fræðslu um gagnlega hluti og skemmtun á heilbrigðum grundvelli. Íslenzkir radioamatörar þakka Útvarpstíðindum hið góða boð um rúm í blaðinu, því það eru óefað margir, sem vilja fylgjast með starfsemi okkar.

-o-o- AMATÖRHEIMSÓKN -o-o-

Íslenzkir amatörar fengu nýlega góðan gest. Það var WA6FSC Darlieen A.Souligny, frá Californiu, sem hefur verið í hnattferð. Var Ísland síðasta landið, sem hún kom til. Darlieen lagði af stað í febrúar 71, og var áætlað að ferðinni yrði lokið 23 des í ár.

Á flestum viðkomustöðum gisti hún hjá amatörum og er þeirra sennilega frægastur JY1 sem er Hussein Jórdaníukonungur.

Hér bjó hún í Keflavík hjá Harry Kendall WA5ZGR/TF og Unni konu hans sem er frá Reykjavík. Haddi 3HS og Sigrún 3YL, kona hans, buðu Darlieen og gestgjöfum hennar til veislu þriðjudaginn 30, nóv. ásamt eins mörgum íslenzkum amatörum og í náðist og húsrými leyfði. Áttu menn þar mjög ánægjulega kvöldstund í góðum félagsskap. Haddi og Sigrún fóru síðan með hana í stutta ferð austur fyrir fjall og víðar en veður var því miður óhagstætt. Vonandi á Darlieen eftir að koma hingað seinna að sumarlagi og sjá meira af landinu.

Héðan fór hún svo 3.des. og áður en hún fer heim heldur hún fyrirlestra um ferðina í U.S.A. og Kanada. Hún mun einnig skrifa þætti, í CQ og verða þeir í dagbókarformi.

Við þökkum henni fyrir konuna og vonumst til að sjá hana seinna

3SB

-o-

ÁSTRALÍA
Á S T R A L Í A

Townsville Radio Club , Airlie Beach, Queensland, hlustar eftir TF frá 1. des. á 21,328 Mhz kl. 10,00-10,15 og 21,00-21,15 GmT.

VK4LZ / TF3EB

-o-

-o-o- QSL félag : QSL bureau fyrir TF -o-o-

Nú nýlega stofnuðu nokkrir félagar í I.R.A. með sér QSL félag til, þess að annast móttöku og sendingu á QSL kortum fyrir TF.

Félag þetta var stofnað vegna þess, að alla tíð hefur QSL þjónusta verið félaginu erfið og fjárhagslega þungur baggi. Þessi lausn á málinu, að halda þessari starfsemi fyrir utan I. R. A. þannig, að aðeins þeir sem þurfa á QSL þjónustu að halda, greiði fyrir hana sérstaklega, en að ekki séu teknir peningar úr sameiginlegum félagssjóði, til greiðslu á þjónustu fyrir nokkra menn, virðist hafa fengið góðan hljómgrunn og þess vegna ástæða til að , kynna starfandi amatörum hana betur.

Öllum leyfishöfum svo og hlusturum, er hafa TF hlustaramerki er heimil innganga í félagið og geta þeir sent sín kort til allra landa í gegnum félags- bureauið.


Árgjald hvers félaga er kr. 500.- , er greiðist við fyrstu kortasendingu. QSL kort verða send frá bureauinu að minnsta kosti tvisvar á ári, en að sjálfsögðu oftar, ef mikið magn af QSL kortum berst til sendingar. QSL kortin verða send á bureau hvers lands um sig þannig að öruggt má teljast að þau komist til skila.

Öll kort eru send sjóleiðis.

Nú þegar hafa 10 manns gerst meðlimir í QSL félaginu og allmikið magn af kortum verið sent. Fyrirkomulag á móttöku og sendingu á kortum verður þannig í framtíðinni, að QSL skápurinn í félagsheimilinu mun verða innréttaður þannig, að hver meðlimur fái sitt hólf, þar sem hann getur gengið að sínum QSL kortum, sem borist hafa, en QSL kort til útsendingar leggja meðlimir í möppu, sem komið verður fyrir í skápnum. Þetta fyrirkomulag kemur til með að auðvelda öllum aðilum vinnu og fyrirhöfn í sambandi við kortin og ætti að verða mun þægilegra en verið hefur.

Ég vonast til, að sem flestir hagnýti sér þessa þjónustu og gerist félagar í QSL félaginu og þar, sem þetta er enn á byrjunarstigi, tek ég þakksamlega við öllum ábendingum og fyrirkomulagsbreytingum, sem fram koma.



73/88 - TF3YL QSL manager




11-74 BC108

1

9








PRINT 1:1



DIAGRAM

R1 2,2 kohm, R2 10 kohm, R3 1,2 kohm, R4 470 kohm, R5 180 ohm, R6 13 ohm. C1 1 nF ker., C2 33 pF ker., C3 15 pF ker., C4 10 nF ker., C5 1 nF ker., C6 47 pF ker., C7 1 nF ker., C8 1 nF ker., C9 5-40 pF trimmer (Philips). L1 12 vdg. 5 mm φ. 0,4 mm CuI, tæt viklet, L2 5 vdg. 5 mm φ. 0,4 mm CuI (som L1), L3 6 vdg. 5 mm φ. 0,4 mm CuI, tæt viklet, L4 4 vdg. 5 mm φ. 0,4 mm CuI (som L3), L5 4 vdg. 7 mm φ. 1 mm splv el. Cu., viklelængde: 11 mm. Q1 = BC 113, Q2 = BF 115, Q3 = 2N113.

3



-o- FRÁ RITSTJÓRA -o-

Fyrir skömmu fórum við Guðjón Einarsson og undirritaður í heimsókn til Einars Pálssonar TF3EA til að forvitnast um upphaf IRA, en Einar var fyrsti formaður félagsins. Hann sagði okkur mikið um upphaf og stofnun félagsins og hjá honum fengum við grein úr Útvarpstíðindum, sem er prentuð annarsstaðar í blaðinu.

Einar er samt mest þekktur fyrir VHF starf sitt, en þar er hann frumkvöðull á Íslandi. Meðal annars sagði hann okkur að hann hefði vikulega samband við VHF amatöra í Englandi á metor scatter bæði á 2 m. og líka á 70 cm. Aðallega er þetta við G3CCH sem er í grend við Grimsby. Lengsta innanlandssaband á 70 cm. er frá Dyrhólaey til Reykjavíkur og var það við TF3SF.

Einar hefur einnig reglulega sambönd við amatöra af íslenskum ættum í Kanada og U. S. A. og segir að þeir tali margir hverjir góða íslensku þrátt fyrir að þeir séu fæddir í Ameríku og hafi aldrei hingað komið. Oftast er þetta við þá bræður VE4SK " Skafta " og WA00B " Skipp " en hann er væntanlegur hingað á næsta ári.

Eftir ánægjulega kvöldstund og góðar veitingar, fórum við heim, margs vísari en áður.

vy 73 de 3SB

-o-

-o-o- Refaviðtæki og QRP 2 m.sendir -o-o-o-

Refaviðtækið á mynd 1 fann ég í QTC og er eftir SM5BZR. Teikningin skýrir sig sjálf að mestu, prentteikning er á mynd 2. Spólurnar L3 og L2 eru RF sjókir, en L 1 er vafin á ferrit stöng 25 vöf ef notaðar eru tvær 10 mm stangir eins og eru í flestum viðtækjum.

Sens loftnet er 50 cm langur vír, sem hangir neðan úr tækinu.

2 m. sendirinn er úr OZ teikningin er á mynd 3 en prent og uppröðun á það er á mynd 9. Mynd 4 sýnir hvernig tengja á lykil fyrir cw, mynd 5 hvernig á að vera fyrir AM mótun. 6 og 7 sýna svo tengingar fyrir FM mótun. 8 er bylgjumælir til að nota við stillingu

73 de 3SB